Gullsmiðurinn s.f.

Þjónusta fyrir landsbyggðina

Sendið okkur (í ábyrgð) þá skartgripi sem þér þurfið að láta gera við, ásamt smálýsingu á því sem gera þarf, heimilisfangi og símanúmeri. Að aflokinni viðgerð, sem verður innan 5 daga frá sendinu, sendum við ykkur viðgerðina í póstkröfu. Allar viðgerðir eru verðlagðar eftir viðgerðaskrá Félags ísl. Gullsmiða.

Stækkum og minkum hringi (sendum málspjöld), gerum við armbönd, nælur, hálsmen, þræðum perlufestar. Sendum einnig í póstkröfu allar gerðir skartgripa.
Fljót, góð og örugg þjónusta. **Hringið og leitið upplýsinga.**

Gullsmiðurinn s.f.
Frakkastíg 7 101
Reykjavík
Sími (91) 1-50-07.

Frá Tónlistarskólanum í Reykjavík

Tónlistarskólinn í Reykjavík tekur til starfa 19. september.
Umsóknarfrestur er til 10. sept. og eru umsóknareyðublöð afhent hjá Hljóðfæraverzlun Poul Bernburg Vitastíg 10.
Upplýsingar um nám og inntökuskilyrði eru gefnar á skrifstofu skólans.

Inntökupróf verða sem hér segir:
í Tónmenntarkennaradeild mánudag 12. september kl. 1. í undirbúningsdeild kennaradeilda þriðjudag 13. september kl. 5.
í píanódeild miðvikudag 14. september kl. 1 og í allar aðrar deildir sama dag kl. 4.

Skólastjóri

Unglingur óskast

ekki yngri en 16 ára — til starfa á garðyrkjustöð í Árnessýslu.
Þeir sem hefðu áhuga á starfinu sendi bréf á auglýsingadeild Tímans, Síðumúla 15, fyrir 9. september, merkt Garðyrkja 1255 og geti þar um aldur og aðrar upplýsingar.

KEFLAVÍK
Blaðberar óskast
Upplýsingar í síma 1373

Tíminn

Frá Grunnskólum Reykjavíkur

Grunnskólar Reykjavíkur hefja starf fimmtudaginn 1. sept. n.k. með kennarafundum sem hefjast kl. 9 árdegis.
Nemendur komi í skólana þriðjudaginn 6. sept. n.k.
Nánar auglýst síðar.

Fræðslustjóri

EYVINDUR MOHR
sýnir á Kjarvalsstöðum

Það eru nú liðnir meira en tveir áratugir síðan undirritaður sá fyrst málverk eftir Færeying, en það voru myndir eftir Mykines og Ingólf av Reyni.

Þær héngu uppi í danska sjómannaheimilinu í Grimsby.

Þetta voru sláandi kröftugar myndir, í þeim var allt í senn veðurfar, mannlíf og sjávarloft.

Upp frá því fór hinn sami að gefa færeyskum málurum sérstakan gaum: hinni færeysku stefnu.

Eyvindur Mohr.

Enn eru Færeyingar slyngir málarar, og þótt áðurnefnd tvö nöfn beri enn hæst í færeyskri list, þá hafa nýir menn bætzt við. Þeirra á meðal er Eyvindur Mohr, sem nú sýnir á Kjarvalsstöðum.

Hann sýnir 19 myndir málaðar með olíulitum.

Færeyska fjallkonan er græn í framan og hefur grænar hendur og hún ber sporðinum ógnvænlega í dimmgrænt hafið, þegar



hún ver hendur sínar fyrir ágangi hafs og storma.

Þetta er sérstök grænka, sem Kjarval nefndi „Færeyjagrænku", því auðvitað hafði hann líka komið auga á þetta, og þá ef til vill fyrstur manna.

Færeyjar eru allar í málverkum Eyvindar Mohr, og ekkert síður þótt myndin sé talin vera frá Asco de Sancta Calisto í Róm. Svo sterkan svip draga þær af heimahögum höfundar.

Hollur er heimafenginn baggi.

Eyvindur Mohr mun vera sjálfstæður málari, sem hóf myndlistarstörf af fullum krafti fyrir aðeins einum áratug. Hann hefur lært sumt af sjálfum sér og öðrum, annað er frá Róm, þar sem hann stundaði nám um skeið við listakademíuna. Hann hefur sýnt verk sín víða og þykir hlutgengur málari.

Myndir hans eru einfaldar að byggingu, sterkar og sannar. Hann upplifir motiv sín á sérstakan hátt, a.m.k. virðist það svo, og í þeim er sérstök reynsla, vindátt og geðslag.

Að sýningunni sem heild má það helzt finna, að myndirnar eru of líkar hver annarri í lit og formum, næstum því einhæfar að þessu leyti. Það er pláss fyrir nýjan streng í þessari hörpu.

Sérlega athyglisverðar þóttu mér vera myndirnar **Sjálfsmynd, Bondahúsinu y Depli** og **Einsemis.** Annars eru myndirnar mjög jafnar.

Færeyskir málarar hafa ekki sniðgengið Ísland alveg, og það er ávallt fróðlegt fyrir okkur að sjá myndir þeirra og annan farangur.

— Jónas Guðmundsson



fólk í listum

Jöfn staða verkmenntabrauta og annars náms

37. iðnþingi Íslendinga lauk á Akureyri á laugardaginn, og var stjórnarkjör að vanda síðasta mál á dagskrá. Var Sigurður Kristinsson málarameistari endurkjörinn forseti Landssambands iðnaðarmanna og Þórður Gröndal verkfræðingur varaforseti. Aðrir í framkvæmdastjórn tilnefndir af aðildarfélögunum, eru Gunnar S. Björnsson húsasmíðameistari, Haraldur Sumarliðason húsasmíðameistari, Sveinn A. Sæmundsson blikksmíðameistari, Gunnar Guðmundsson rafverktaki, Karl Maack húsasmíðameistari, Arnfríður Ísaksdóttir hárgreiðslumeistari og Árni Guðmundsson vélvirkjameistari. Margar ályktanir voru gerðar á iðnþinginu, einkum um fræðslumál, iðnlöggjöf, og einstakar starfsgreinar.

Fræðslumál

Í ályktunum iðnþings um fræðslumál er átalinn sá dráttur, sem orðinn er á gerð námsskráa og kennsluefnis fyrir iðnfræðsluna í landinu. Þá lýsir iðnþing furðu sinni á skilningsleysi menntamálaráðuneytisins á stöðu verkmenntunarinnar, sem kemur fram í því, að það seilist í fjárveitingar til námskrárgerðar iðnfræðslunnar, til þess að fjármagna ýmsa þjónustu fyrir fjölbrautaskólana.

Ætla má að af þeim 40 milljónum, sem veittar hafa verið til námskrárgerðar á iðnfræðslustigi, hafi um helmingur farið til annarra hluta að ákvörðun menntamálaráðuneytisins.

Þá er minnt á, að 16. desember 1975 skilaði iðnfræðslulaganefnd tillögum til menntamálaráðherra um þróun verkmenntunar á framhaldsskólastigi. Iðnþing telur að aðgerðir, sem þar er lagt til að gera, sé undirbúningur þess og forsenda, að verkmenntabrautir hljóti jafna stöðu og aðrar námsbrautir væntanlegs framhaldsskóla. Þar sem um er að ræða tillögur að nauðsynlegum aðdraganda að stofnun samræmds framhaldsskóla, lýsir iðnþing Íslendinga furðu sinni á því að menntamálaráðuneytið skuli ekki enn hafa tekið afstöðu til framlagðra tillagna, þar sem fyrirhuguð er lagasetning um samræmda framhaldsskólann.

Iðnþing fagnar framkomnu frumvarpi um framhaldsskóla, en telur að á því þurfi þó að gera veigamiklar breytingar og er vísað til umsagnar, sem Landssamband iðnaðarmanna hefur sent menntamálaráðuneytinu um málið.

Verðtrygging fjárskuldbindinga

37. iðnþing Íslendinga skorar á ríkisstjórnina að breyta lögum nr. 71 frá 6. maí 1966, þannig að heimilt verði að hús og húshlutar, sem byggðir eru á ákveðnum tímabilum, og ætlaðir til sölu, séu verðtryggðir samkvæmt byggingavísitölu.

Iðnlöggjöfin

Að undanförnu hefur nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins unnið að endurskoðun á lögunum um iðju og iðnað og hefur hún skilað til iðnaðarráðherra drögum að frumvarpi um breytingu á þeim.

Leggur nefndin til að nokkrar breytingar verði gerðar á lögunum og þau færð til nútímalegra horfs, með því að sum atriði þeirra verði rýmkuð frá því sem áður var og ýmis algeng vafaatriði gerð ljósari en áður.

37. iðnþingið hefur haft þessi frumvarpsdrög til umfjöllunar og lýsir yfir stuðningi við þá stefnumörkun, sem þar kemur fram. Sýnist rýmkun einstakra ákvæða laganna fyllilega í samræmi við stefnu Landssambands iðnaðarmanna og þróun þá, sem orðið hefur.

Jafnframt minnir iðnþingið á fyrri ályktanir sínar um að aukin menntun og verkkunnátta, sem þróazt hefur í skjóli laganna um iðju og iðnað hefur orðið sú forsenda, sem iðnþróun hér á landi hvílir á. Varlega verði því að fara við breytingar á þessum grundvallarlögum iðnaðarins.

Skipasmíðar og viðgerðir

Iðnþing bendir sérstaklega á brýna þörf fyrir eflingu skipaiðnaðarins í landinu. Þrátt fyrir yfirlýsta stefnu stjórnvalda um að efla beri þennan iðnað, hefur furðu lítið enn áunnizt í þeim málum.

Það er mat þeirra, er bezt til þekkja í þessum iðnaði, að mestum árangri verði náð í innlendri skipasmíði með aukinni stöðlun skipa og raðsmíði þeirra, þannig að hægt sé að hefja smíði skipa án þess að kaupandi sé fenginn. Slíkt myndi hafa margháttað hagræði í för með sér fyrir stöðvarnar og má þar nefna aukna samræmingu í hönnun skipa og við val véla og tækja, ásamt auðveldari skipulagningu á vinnu og innkaupum almennt. Auðveldara væri að sinna tilfallandi viðgerðum og

Framhald á bls. 19.